

FRÁSÖGN

af samráðsfundi Norður- og Eystrasaltslandanna innan þings Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu í Helsingborg 28. maí 2018

Af hálfu Íslandsdeildar ÖSE-þingsins sótti fundinn Gunnar Bragi Sveinsson, formaður, auk Bylgju Árnadóttur, alþjóðaritarar. Fundinn sóttu 12 þingmenn Norðurlanda og Eystrasaltslandanna innan ÖSE-þingsins. Á dagskrá var undirbúningur undir ársfund þingsins í Berlín í júlí 2018, ásamt málstofu um stjórnsmál og mannréttindamál í Rússlandi.

Kent Härstedt, formaður sænsku landsdeildarinnar, opnaði fundinn og hvatti fundarmenn til að taka þátt í ráðstefnu aðildarríkja ÖSE um borgaralegt samfélag (e. *civil society*) undir heitinu *Human Dimension Implementation Meeting (HDIM)*, sem haldin verður í september í Varsjá í Póllandi. Þátttaka í ráðstefnunni væri skýr yfirlýsing um stuðning við borgaralegt samfélag á viðsjárverðum tímum.

Joanna Kurosz, verkefnastjóri Evrasíuverkefna hjá samtökunum *Civil Rights Defenders*, fór yfir þróun umhverfis mannréttindasamtaka í Rússlandi undanfarin ár. Hún sagði rússnesk stjórnvöld hafa markvisst bælt niður borgaralegt samfélag í landinu frá árinu 2012. Kurosz sagði fjöldamótmæli í kringum þing- og forsetakosningar árin 2011 og 2012 hafa vakið stjórnvöldum ugg. Verst hefði ástandið svo verið í kringum átökin í Úkraínu og innlimun Krímskagans árið 2014. Á þeim tíma hefði andstaða við minnihlutahópa farið saman við andstöðu gegn afskiptum Vesturlanda af málefnum Rússa og aukna þjóðerniskennd. Sagði Kurosz einnig merki um að stöðu kvenna í Rússlandi væri ógnað. Viðhorf svarenda í könnun til stjórnsmálaþátttöku kvenna hefðu versnað milli ára og samþykkt hefðu verið lög sem gerðu vægari tilvik heimilisofbeldis ekki refsiverð, þ.e. þau tilvik sem leiði ekki af sér þörf fyrir aðhlyningu á spítala eða ekki tilkynnt oftár en einu sinni á ári.

Kurosz sagði lagasetningu vera þá aðferð sem helst hefði verið notuð til að þjarma að borgaralegu samfélagi. Í lagasetningu væri orðalag oft óljóst og stjórnvöldum því gefið færi á að túlka lögin eftir hentugleika. Sem dæmi nefndi hún lög sem samþykkt voru árið 2013 og banna áróður um „óhefðbundin kynlífssambönd“ gagnvart börnum. Sagði Kurosz þessi lög hafa verið notuð til að hindra fréttáflutning af ofsóknum gegn hinsegin fólki í Rússlandi. Einnig væru frjáls félagasamtök gjörn á að lenda á lista stjórnvalda yfir erlenda áhrifavalda (e. *foreign agents*) og þeim gefið að sök að ganga erinda erlendra afla. Til þess að komast af slíkum lista þyrftu félagasamtök að hafna fjárframlögum erlendis frá. Enn fremur hafi félagasamtökum á vegum stjórnvalda fjölgað (e. *government-organised non-governmental organisations, GONGOs*). Slík samtök starfi til að mynda í Þýskalandi og mörg þeirra komi fram sem frjáls félagasamtök, án þess að geta tengsla sinna við rússnesk stjórnvöld.

Bo Petersson, prófessor í stjórnsmálafræði við Malmö-háskóla, fjallaði um lögmæti rússneskra stjórnvalda. Petersson sagði lögmæti Pútíns aðallega hvíla á persónulegum vinsældum hans. Pútín hafi tekist að spila á rússneskar goðsagnir um hlutverk landsins á heimsvísu og styrk þess og að hann hafi ræktað ímynd sína sem sterkur leiðtogi sem yki hróður og völd Rússlands á alþjóðavettvangi. Skoðanakannanir hafi í gegnum árin sýnt gríðarlegar vinsældir Pútíns. Ánægja með Pútín hafi mælst lægst í kringum kosningarnar árin 2011 og 2012 en þó aldrei undir 50%. Vinsældir Pútíns hafi hins vegar tekið stökk upp fyrir 80% í kjölfar átakanna í Úkraínu og innlimun Krímskagans. Petersson sagði augljósa hættu á að Pútín mundi reiða sig einna helst á stórveldisdrauma Rússa til að halda vinsældum sínum.

Bæði Kurosz og Petersson bentu á mikilvægi þess að ræða mannréttindamál í tengslum við heimsmeistarakeppnina í fótbolta í sumar í Rússlandi. Kurosz benti á að þjálfunarbúðir

Egypta yrðu í Grosní í Tsétséníu, en þar hafi í fyrra verið fjölmörg dæmi um ofsóknir og jafnvel pyntingar og morð lögreglumanna á hinsegin fólki. Mikilvægt væri að fylgjast með umhverfi mannréttindasamtaka í Rússlandi í tengslum við keppnina því líklegt væri að stjórnvöld tækju hart á gagnrýni í sinn garð á meðan athygli heimsbyggðarinnar beindist að Rússlandi. Petersson sagði að heimsmeistarakeppnin gæfi Pútín tækifæri til að leika hlutverk sitt sem hins sterka leiðtoga á alþjóðavettvangi og auka þannig vinsældir sínar og lögmæti í augum þegna sinna.

Margareta Cederfelt, varaformaður sænsku landsdeildarinnar og einn varaforseta ÖSE-þingsins, kynnti ályktunartillögu sænsku landsdeildarinnar fyrir ársfundinn í Berlín um mannréttindabrot í Rússlandi. Í ályktuninni eru rússnesk stjórnvöld hvött til þess að setja lög gegn hatursglæpum og verja fórnarlömb ofbeldis, sérstaklega þá sem verða fyrir árásum vegna kynhneigðar sinnar eða kynímýndar. Þá eru rússnesk yfirvöld hvött til að framfylgja skuldbindingum sínum samkvæmt mannréttindasáttmála Evrópu með því að rannsaka árásir og ógnir við öryggi mannréttindafrömuða í Rússlandi og afnema lög um frjáls félagasamtök sem starfa í þágu erlendra aðila. Siv Mossleth, þingmaður Noregs, lýsti áhyggjum af því að ályktunin væri til þess fallin að auka átök milli landa í vestri og austri innan ÖSE-þingsins. Mikilvægt væri að opna fyrir umræðu frekar en að fordæma og einangra Rússa. Cederfelt sagði hins vegar mikilvægt að kalla hlutina sínum réttu nöfnum. Með sterku orðalagi væri stutt við borgaralegt samfélag og mannréttindi í Rússlandi. Laurynas Kasciunas, formaður litháisku landsdeildarinnar, kynnti einnig ályktunartillögu sem hvetur ÖSE-ríki til þess að vinna gegn hatursorðræðu og stríðsáróðri. Einnig var rætt um hliðarviðburði á vegum landahópsins og framboð þingmanna til trúnaðarstarfa innan ÖSE-þingsins. Fundarmenn ræddu möguleikann á að fulltrúar Norðurlanda og Eystrasaltslanda færu í sameiginlega opinbera heimsókn til Donbasshéraðs í Úkraínu til að sýna úkraínskum stjórnvöldum stuðning. Fulltrúi Litháen bauðst til að taka að sér skipulagningu slíkrar ferðar.

Roberto Montella, framkvæmdastjóri ÖSE-þingsins, var gestur fundarins og ræddi um stefnu og hlutverk þingsins. Þingmenn leituðu svara hjá Montella um bréf landsdeilda Norðurlanda og Eystrasaltslanda frá því í janúar þar sem kallað er eftir eftirliti með framfylgd ályktana ÖSE-þingsins. Montella minnti á að hvorki ályktanir ÖSE né ÖSE-þingsins væru lagalega bindandi fyrir aðildarríkin þar sem ÖSE væri ekki stofnun sem hvíldi á sáttmála (e. *treaty*) heldur pólitískt samstarf. Hvorki þingið né ÖSE hefðu því völd til þess að krefjast þess að ályktunum væri fylgt eftir. Þrátt fyrir þetta skilaði samstarfið árangri í auknum samræðum. ÖSE-þinginu væri ætlað að skila ráðherranefnd ÖSE pólitískum tillögum og ályktanir hefðu áhrif með því að skapa siðferðilegan þrýsting og vekja athygli á málefnum. Hann ítrekaði að ÖSE-þingið gæti yfirleitt gengið lengra en ÖSE í þessu hlutverki sínu þar sem ályktanir þingsins væru samþykktar með einföldum meiri hluta en ráðherranefnd ÖSE samþykkti ályktanir samhljóða.

Kent Härstedt lýsti áhyggjum af dvínandi samstöðu meðal ÖSE-ríkja um sameiginleg gildi á borð við mannréttindi og lýðræði. Hann sagði að alþjóðastofnanir þyrftu að gæta sín á því að þjóna ekki þeim tilgangi að veita vafasömum stjórnvöldum lögmæti. Montella sagði mikilvægt að benda á tilvik þar sem aðildarríki ÖSE stæðu ekki skil á skuldbindingum sínum samkvæmt Helsinkilokagerðinni. Aðildarríkin hefðu öll skrifað undir gerðina og þannig lýst vilja sínum til að fara eftir þeim gildum sem þar væri að finna. Á hinn bóginn þyrfti að forðast það að einangra eða móðga ríki sem brytu gegn þessum sameiginlegu gildum. Eftir fremsta megni þyrfti að halda áfram samræðum, án þess þó að stofnunin leyfði stjórnvöldum að nota sig.

Ákveðið var að næsti samráðsfundur Norður- og Eystrasaltslandanna innan þings Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu yrði í Lettlandi í maí 2019. Frekari upplýsingar má nálgast hjá ritara Íslandsdeildar og á vefsvæðinu www.oscepa.org.